

REGLUR

um breyting á reglum nr. 702/1997, um Gunnarsstofnun, Stofnun Gunnarssonar að Skriðuklaustri.

1. gr.

5. mgr. 3. gr. orðast svo:

Stjórnin gerir árlega fjárhags- og starfsáætlun. Skal hún send menntamálaráðuneytinu fyrir lok marsmánaðar ár hvert ásamt drögum að starfsáætlun næsta árs, skýrslu um stafsemi liðins árs og ársreikningi. Reikningar stofnunarinnar skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 6. febrúar 1998.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um gjald fyrir birtingu staðfesta skipulagsskráa í B-deild Stjórnartíðinda.

Gjald fyrir að birta skipulagsskrá, eða breytingu á henni, sem staðfest er samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988 í B-deild Stjórnartíðinda skal vera kr. 11.200.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. febrúar 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.